



Fregnir

Soroptimistasamband Íslands 50. árg. desember 2024 nr. 135





Hvatning

Sýnum dreglyndi og verum einlæggar í vináttu
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu
Sýnum í verki skilning og friðarvilja
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar með sæmd
og ábyrgðartilfinningu

Markmið

Að vinna að bættari stöðu kvenna
Að gera háar kröfur til siðgæðis
Að vinna að mannréttindum öllum til handa
Að vinna að jafnrétti, þróun og friði, fyrir tilstuðlan
alþjóðlegs skilnings og velvildar
Að vinna að meiri sjálfbærni í umhverfismálum
í heimabyggð, heimalandi og á alþjóðavettvangi

Áherslur

Soroptimistar skulu beita sér fyrir:

Að veita þjónustu í heimabyggð, heimalandi
og á alþjóðavettvangi
Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku hvarvetna í þjóðfélaginu
Að fjölga klúbbfélögum
Að vinna að markmiðum Alþjóðasambands
Soroptimista og Landssambandsins

Ritnefnd:



Guðný S. Þorsteins-
dóttir



Kristín Árnadóttir



Magdalena Berglind
Björnsdóttir



Sigríður B. Aadnegard



Sigrún Þórisdóttir

Fregnir er málgað Soroptimistasambands Íslands.

Heimasíða: www.soroptimist.is

Netfang: soroptimist@soroptimist.is

Ritnefndin óskar eftir greinum í næsta blað Fregna.

Vinsamlegast sendið efni á netfangið fregnir@soroptimist.is

Forsíðu- og baksíðumynd: ljósmyndari Sigríður B. Aadnegard

Umbrot og hönnun blaðs: Gígja Ívarsdóttir - gigja@klettastudio.is

Kæru systur!

Aðventan, sem gekk í garð 1. desember þetta ár, á sérstakan sess í huga okkar og gerðum, en frá fyrsta sunnudegi í aðventu hefur umhverfi okkar tekið á sig breytta mynd. Á hinum myrku dögum lýsa jólaljósaseríur upp híbýli, götur og garða. Fólk lýsir upp kirkjugarða með ljósakrossum og lifandi ljósum á leiðum ástvina, fagrir jólatónar hljóma víða í kirkjum og samkomuhúsum og við hrífumst með og fyllumst gleði og von um björt og heilög jól.

*Það kertaljós sem lifir jólum á
er lítið tákni um mannsins æðstu þrá
um frið á jörðu, frið sem allir dá
og flestir týna í lífsins kólgu sjá.*

Þetta ljóð orti Skagfirðingurinn Sigurður Björnsson fyrir margt löngu og þá var friðvænlegra í heimi hér en nú um stundir. Í dag óskum við þess af öllu hjarta að friður komist á þar sem stríð geisar. Og skáldið heldur áfram:

*En gleym ei brosi barns við kertaljós,
sem boðar ríki Guðs á helgri stund.
Það gefur hverjum fagra friðarrós
sem fagnar því og veitir ástarhrós.*

Þetta fallega ljóð gæti höfðað til okkar systra, við leitumst við að vinna kærleiksverk bæði börnum og fullorðnum til handa og hver annarri sömuleiðis. Eitt af markmiðum okkar Soroptimista er „að vinna að jafnrétti, þróun og friði, fyrir tilstuðlan alþjóðlegs skilnings og velvildar“. Það er einnig táknað fyrir okkur að hefja alla fundi með því að tendra fjögur ljós í þágu Soroptimista um heim allan. Kertaljósið vekur hughrif um kærleika og umhyggju fyrir öðrum, einkum þeim sem minna mega sín og hvetur okkur til að leggja lið. Það er einmitt það sem við Soroptimistar stöndum fyrir og kemur fram í jólablaðinu okkar sem þið nú fáið í hendur og er númer 135 en með því lýkur tveggja ára ritnefndarstarfi okkar systra Við Húnaflóa.

Meðal efnis er vönduð grein forseta okkar, sem er framhald af frásögn um stofnun íslenskra Soroptimistaklúbba, stofnhátíð e-klúbbs Soroptimista á Vestfjörðum og ræða Hafðísar Karlsdóttur, forseta Evrópusambandsins, á sendifulltrúafundi í Reykjavík. Nokkrar greinar bera vott um kærleikspæl og umhyggju klúbbsystra, s.s. vinkvennakvöld, styrkveiting til Ljóssins og Jól í skókassa. Hrífandi ástarsögu er einnig að finna í blaðinu, ásamt bráðskemmtilegri frásögn af gjafakvöldi í Hollandi og afmælisstemmtiferð að ógleymdum jólakveðjum klubbanna og minningarorðum um systur. Vandaðar aðventu- og jólahugleiðingar eru hér einnig og áhrifarík frásögn af snjóflóðinu í Neskaupstað 1974.

Efni jólablaðs Fregna er óvenju fjölbreytt og aldrei höfum við gefið út jafn þykkt blað! Við þökkum ykkur öllum sem hafið sent okkur þessar áhugaverðu greinar og myndir, bæði fyrr og nú og enn og aftur sannast hve við erum auðugar af ritfærum og velviljuðum systur.

Við ljúkum þessu tveggja ára vinastarfi með jólaljóði eftir Jónínu Hallgrímsdóttur (1922-2013) sem bjó við Húnaflóa í um 50 ár.

JÓLIN KOMA

*Nú ljóma jólaljósin
og ljúfur heyrast ómur
af klukknahtljómi þýðum
svo kærleiksríkt og hljótt.
Við tókum heilum höndum
mót hjartahlýjum gesti
sem Guð til okkar sendir
á helgri jólanótt.*

Megi jólaljósin ljóma og klukknahtljómi óma og færa ykkur og fjölskyldum ykkar, kæru systur, kærleiksríka og gleðilega jólahátíð, farsæld og frið á komandi ári.

Með hlýjum kveðjum frá ritnefnd Fregna



Kæru systur!

Í síðasta tölublaði Fregna var sagt frá stofnun Soroptimistasambands Íslands 8. júní 1974 og starfinu fyrstu árin. Var þar sagt frá stofnfundi Sambandsins og fyrstu fimm aðalfundum Landssambandsins.

Sjötti Landssambandsfundurinn var haldinn 7. júní 1980 að Hlégarði, Mosfellssveit. Það var Soroptimistaklúbbur Kjalarnesþings, síðar Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar, sem annaðist fundinn. Síðar sama ár tók Gerður Hjörleifsdóttir í Reykjavíkurklúbbsi við sem 4. forseti Soroptimistasambandsins. Sjöundi aðalfundur Landssambandsins var haldinn 27. apríl 1981 í Safnaðarheimilinu í Njarðvíkum. Það var Suðurnesjaklúbbur sem sá um fundinn og á þeim fundi voru verkefnasviðin 6 tekin upp. Þau voru alþjóðleg vinátta og skilningur, efnahags- og félagsleg þróun, heilbrigðismál, mannréttindi og staða konunnar, menntamál og umhverfismál. Gerður Hjörleifsdóttir var áfram forseti á árinu 1981.

Áttundi Landssambandsfundurinn var haldinn 1982 í veitingahúsinu Gafl-Inn í Hafnarfirði. Það var Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbur sem skipulagði fundinn. Síðar sama ár tók Jóhanna Pálsdóttir í Keflavíkurklúbbsi við sem 5. forseti Landssambandsins. Níundi aðalfundur Landssambandsins var haldinn 30. apríl 1983 á Hótel Loftleiðum í umsjón Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur II, síðar Árbæjarklúbbs. Jóhanna Pálsdóttir var áfram forseti Landssambandsins.

Soroptimistaklúbbur Húsavíkur og nágrennis var stofnaður 4. júní 1983 á Hótel Reynihlíð við Mývatn. Stofnskrá afhenti Suzy Cornaz, varaforseti Evrópusambands Soroptimista og guðmóðir klúbbsins var Halldóra Eggertsdóttir fyrsti forseti Soroptimistasambandsins. Stofnformaður var Arnheiður Jónsdóttir. Soroptimistaklúbbur Akraness var stofnaður

15. október 1983 að Hlöðum á Hvalfjarðarströnd og var stofnformaður Guðrún B. Hjálmarsdóttir. Stofnskrána afhenti Mette Munk, sendifulltrúi frá Danmörku og Halldóra Eggertsdóttir var guðmóðir klúbbsins.

Tíundi Landssambandsfundurinn var haldinn 28. apríl 1984 í Gerðubergi í Breiðholti. Það var Bakka- og Seljaklúbbur sem hafði umsjón með fundinum. Þorbjörg Kristinsdóttir í Kópavogsklúbbsi tók við sem forseti síðar á sama ári og var hún 6. forseti Sambandsins. Árið 1984 varð Landssambandið 10 ára eins og áður sagði og Soroptimistahreyfingin á Íslandi 25 ára. Afmælishátíð Soroptimistasambandsins var haldin 8. júní 1984 í Þjóðleikhúsinu þar sem fáni Sambandsins var vígður. Einnig var haldinn afmælisfagnaður fyrir Soroptimistasystur á Hótel Sögu um kvöldið og var fagnaðurinn í umsjá Reykjavíkurklúbbs. Á svipuðum tíma fékk Soroptimistasambandið samastað fyrir stjórnarfund og geymslurými fyrir gögn í Sunnuhlíð í Kópavogi. Landssambandið tók þátt í fjögurra ára verkefni Alþjóðasambands Soroptimista um borun eftir vatni í Senegal.

Klúbbarnir í Reykjavík voru orðnir fjórir á þessum tíma. Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur I var stofnaður 19. september 1959 í Þjóðleikhúskjallaranum. Stofnskrána afhenti Ulla af Burén varaforseti Evrópusambands Soroptimista og guðmóðir og helsti hvatamaður að stofnun klúbbsins var Helga Demcher frá Danmörku. Árbæjarklúbbur nefndist upphaflega Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur II og var hann stofnaður 18. október 1980 í Leifsbúð, Hótel Loftleiðum og á sama tíma var Bakka- og Seljaklúbbur stofnaður sem var Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur III. Hóla- og Fellaklúbbur nefndist Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur IV og var hann stofnaður 18. september 1982 á Hótel Sögu. Halldóra Eggertsdóttir var guðmóðir klúbba



númer II og III og Pirkko Auvinen sendifulltrúi afhenti stofnskrár. Halldóra var einnig guðmóðir klúbbs númer IV og stofnskrána afhenti Bitta Östvold sendifulltrúi.

Ellefti Landssambandsfundurinn var haldinn 27. apríl 1985 í Gerðubergi í Breiðholti. Það var Hóla- og Fellaklúbbur sem sá um fundinn að þessu sinni og var Þorbjörg Kristinsdóttir áfram forseti Landssambandsins. Tólfti aðalfundur Landssambandsins var haldinn 26. apríl 1986 á Hótel Borg og það var Reykjavíkurklúbbur sem skipulagði fundinn. Luisa Bjarnadóttir í Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbsi tók við sem forseti Landssambandsins síðar sama ár og var hún 7. forsetinn. Í lok ágúst var haldinn haustfundur í Reykjaskóla í Hrutafirði en haustfundirnir voru ánægjuleg nýjung í starfi Landssambandsins á þeim tíma.

Keflavíkurklúbbur annaðist næsta fund sem var þrettándi Landssambandsfundurinn og var hann haldinn 4. apríl 1987 í Karlakórshúsinu í Keflavík. Luisa Bjarnadóttir var áfram forseti. Systur í Keflavíkurklúbbsi fengu það verkefni á Norrænu vinadögunum árið eftir að taka á móti erlendum gestum á flugvellinum og hafa þær oft sinnt því hlutverki. Fjórtdandi aðalfundur Landssambandsins var haldinn 23. apríl 1988 í Félagshemili Kópavogs og það var Kópavogsklúbbur sem sá um fundinn. Síðar sama ár tók 8. forseti Landssambandsins við embætti og var það Steinunn Einarsdóttir í Seltjarnarnessklúbbsi. Landssambandið ákvað að taka þátt í verkefni Alþjóðasambandsins um þróunarhjálp í Cajamarca í Perú. Norrænir vinadagar voru haldnir í annað sinn á Íslandi í Menntaskólanum í Hamrahlíð. Formaður undirbúningsnefndar var Elín Sigurvinsdóttir í Reykjavíkurklúbbsi og þema daganna

var Framtíð okkar með náttúrunni. Gestir voru um 300 talsins m.a. forseti Evrópusambands Soroptimista Marie Jeanne Bosia.

Fimmtándi Landssambandsfundurinn var haldinn 1989 að Hlöðum á Hvalfjarðarströnd og Akranessklúbbur skipulagði fundinn. Steinunn Einarsdóttir var áfram forseti Landssambandsins. Sama ár eða 27. maí 1989 var Skagafjarðarklúbbur stofnaður. Guðmóðir klúbbsins var Guðrún Sigurðardóttir, þáverandi formaður útbreiðslunefndar Landssambandsins og María Luisa Azzaroli Puccetti frá Flórens afhenti stofnskrána. Ingunn Ásdís Sigurðardóttir var stofnformaður, en hún varð síðar forseti Landssambandsins og Halldóra Eggertsdóttir var gerð að heiðursfélaga klúbbsins á stofnhátíðinni sem var haldin að Hótel Áningu á Sauðárkróki.

Heimildir:

Soroptimistahreyfingin á Íslandi. 30 ára afmælisrit 1959-1989. Ritstjóri: Sigrún Klara Hannesdóttir.

Soroptimistasamband Íslands. Nafnalisti. Mars 2023. Ritstjóri: Arna S. D. Christiansen.

Vonandi verður framhald á sögu Soroptimistasambandsins á næsta ári en hér verður að setja punkt að þessu sinni. Ég óska öllum Soroptimistasysturum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Innilegar þakkir til ykkar allra fyrir árið sem er að líða.

Sigrún Þorgeirsdóttir

Forseti Soroptimistasambands Íslands



Vinkvennakvöld

Árlegt vinkvennakvöld Soroptimistakúbbs Seltjarnarness var haldið á Veitingahúsinu Nauthóli 11. nóvember 2024. Margrét formaður sagði frá átaki Soroptimista „Roðagyllum heiminn“. Af þessu tilefni var appelsínugulur litur þema kvöldsins. Að venju var happdrætti með veglegum vinningum. Ágóði rennur til Batahússins sem er einstaklingsmiðað úrræði við lok afplánunar.





Sigurlaug Kristjánsdóttir



Katrín Ágústsdóttir



Ellý Kratsch
f. 19. maí 1946, lést 8. júní 2024

Frá Árbæjarsysturum

Soroptimistaklúbbur Árbæjar sem í fyrstu hét Reykjavík II var stofnaður 18. október 1980. Stofnfélagarnir voru 18. Við systur erum svo heppnar að í klúbbnum okkar eru enn sex af stofnfélögnum.

Tvær af þeim eru Katrín Ágústsdóttir, listhönnuður og handmenntakennari og Sigurlaug Kristjánsdóttir, enskukennari. Þær unnu báðar ötullega að mótun hins nýja klúbbs og settu mark sitt á þróun hans. Gegndu þær ýmsum embættum, voru m.a. báðar formenn á æskuárum klúbbsins.

Systur minnst margs úr klúbbstarfinu með þessum öflugum konum. Katrín opnaði eitt sinn heimili sitt fyrir systurum sem útbjuggu ýsupaté í stórum stíl fyrir vinkvennavöld og það var fyrir tilstuðlan Sigurlaugar að hefð hefur skapast fyrir því að syngja á jólafundi ljóðið, Jólin 1891.

Með þakklæti í huga fyrir þeirra mikla og góða framlag í þágu Soroptimista voru þær á októberfundi útnefndar heiðursfélagar í Soroptimistaklúbbi Árbæjar. Það er afar ánægjulegt að enn skuli þær vera til staðar eftir 44 ára starf fyrir Soroptimista.

Þrjár systur féllu frá á árinu, Ellý Kratsch, fædd 19. maí 1946, lést 8. júní og einnig tvær stofnsystur og heiðursfélagar í klúbbnum, Dóra Scheving Petersen, fædd 25. nóvember 1936, lést 2. janúar og Guðrún Kristinsdóttir sem var fædd 12. október 1928, lést þann 15. apríl.

Til minningar um Guðrúnu gáfu synir hennar og fjölskyldur klúbbnum rausnarlega minningargjöld að upphæð 500.000 krónur. Á nóvemberfundi klúbbsins veitti Guðrún Inga Ingólfssdóttir, frá stjórn Menntunarsjóðs Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, styrknum viðtöku.

En Guðrúnu, sem var hússtjórnarkennari, var mjög umhugað um menntun og er starfsemi sjóðsins einmitt í hennar anda, þar sem konur geta leitað liðsinnis til að mennta sig.

Blessuð sé minning þessara mætu systra okkar.

*Kristjana Jónsdóttir formaður
Rannveig Þorvaldsdóttir ritari*



Ávarp á stofnhátíð Soroptimistaklúbbs Vestfjarða 24. 11. 2024

Kæra Hafdís Karlsdóttir forseti Evrópusambands Soroptimista, kærur forsetar Landssambanda, kærur Ásgerður Kjartansdóttir guðmóðir Soroptimistaklúbbs Vestfjarða og kærur Soroptimistasystur.

Nú hefur verið stofnaður nýr e-klúbbur á Vestfjörðum og óska ég nýjum konum í Soroptimistaklúbbi Vestfjarða innilega til hamingju og óska þeim velfarnaðar í starfi: formanni klúbbsins Hörpu Guðmundsdóttur, nýrri stjórn og öllum klúbbfélögum. Það er sérstaklega ánægjulegt að minnst á það hér að núna eru Soroptimistaklúbbarnir á Íslandi orðnir 20 talsins. Mig langar til að fjalla í nokkrum orðum um tvo helstu þættina í starfi okkar og þá sérstaklega hjá klúbbunum.

Annar meginþátturinn í starfi okkar er vinnan við styrktarverkefni og fjáröflun vegna þeirra. Konur í hverjum klúbbi líta til síns nærumhverfis og velja sér verkefni þar sem Soroptimistasystur geta komið að gagni í samfélaginu. Þær sýna árvekni og fylgjast með því hvar vantar aðstoð og inn í hvaða vettvang þær gætu stigið og lagt gott til. Síðan taka við aðgerðir við undirbúning verkefnisins, sundurliðun aðgerða, skipulagning fjáröflunar og við hverja þarf að hafa samráð í samfélaginu. Þegar verkefnið er komið af stað tekur við kynningar- og boðunarstarf en það er mikilvægur þáttur í starfinu.

Hinn þátturinn í starfi okkar er samvinnan innan hvers klúbbs. Þegar unnið er að sameiginlegum verkefnum, þar sem oft þarf að verja mörgum vinnustundum við skipulagningu og í fjáröflun, þá myndast samhugur meðal klúbbssystra. Margar konur hafa sagt við mig að systraelið og vináttan skipti öllu máli og stuðli að því að konur halda áfram virkri þátttöku í klúbbum sínum með mikilli ánægju. Þegar systur fara síðan á stærri fundi innanlands og utan, t.d. á Landssambandsfundum

og Norræna vinadaga, finna þær sömuleiðis fyrir þessum samhug og gleði vegna samfunda í stærri hópi.

Ég er viss um að nýjar systur á Vestfjörðum eiga eftir að vinna vel saman og finna þennan samhug og starfsgleði í klúbbnum sínum. Þær mæta svo með okkur hinum eldri á fundi innanlands og utan og skynja þetta systrael Soroptimista. Ég hlakka til að vera með ykkur í framtíðinni, t.d. á Landssambandsfundum í Reykjanesbæ í maí næstkomandi eða á Evrópuþingi í Kraká í október á næsta ári, á Norrænum vinadögum í Turku í Finnlandi 2026 eða á næsta alþjóðþingi í Evrópu 2027.

Klúbbssystur um land allt senda nýja klúbbnum innilegar hamingjuóskir og gefa góðar gjafir. Suðurlandsklúbbur gefur vefmyndavél, Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbur gefur kertastjaka fyrir fjögur kerti eftir Jónínu Guðnadóttur listakonu. Aðrir klúbbar hafa sent veglegar peningagjafir að upphæð samtals: 296 þúsund krónur. Soroptimistasamband Íslands gefur nýja klúbbnum 100 þúsund krónur og frá Landssambandinu í Sviss koma 62 þúsund krónur sem bærust okkur á afmælishátíðinni okkar 5. október sl.

Aftur hjartanlegar hamingjuóskir frá stjórn Soroptimistasambands Íslands til ykkar allra í Soroptimistaklúbbi Vestfjarða.

Sigrún Þorgeirsdóttir

Forseti Soroptimistasambands Íslands



Eldfjallið sem tendraði ást okkar

Sjö systur úr klúbbnum Við Húnaflóa skelltu sér til Kaupmannahafnar á Norræna vinadaga. Eins og nafn samkomunnar gefur til kynna svífur þar andi vináttu yfir vötnum og fjölmörg tækifæri gefast til að kynnst nýjum Soroptimistasysturum og bindast vináttuböndum. Ein þeirra sem við kynntumst var Ina Dorfman frá Danmörku. Bæði hittum við hana í heimsókn okkar í hús Sameinuðu þjóðanna og einnig á skemmtikvöldverði á föstudagskvöldinu. Fyrir kvöldverðinn kom hún og bað um að fá að sitja hjá okkur því markmið hennar væri að kynnst nýjum konum, hún vildi alls ekki sitja hjá einhverjum sem hún þekkti fyrir, hún ætlaði að nýta tímann vel. Ina, sem er upprunalega frá Moldavíu, var hinn skemmtilegasti sessunautur og fljótt kom í ljós að hún átti í sérstöku sambandi við Ísland. Okkur datt í hug að fleiri hefðu gaman af að lesa söguna hennar Inu og sömdum við hana um að senda okkur til birtingar í Fregnum.

Eldfjallið sem tendraði ást okkar

Vorið 2010 tók lífið mitt óvænta stefnu. Ég var að heimsækja þáverandi kærasta minn, spennt fyrir dögnum sem voru fram undan. En á meðan ég var í þeirri heimsókn setti náttúran upp sýningu sem breytti öllu.

Öflugan íslenska eldfjallið Eyjafjallajökull gaus á dramatískan hátt og sendi dökk öskuský þvert yfir himin Evrópu. Flugferðum var aflýst og ferðaáætlanir þúsunda manna, sem og mínar voru í óreiðu. Tvívegis keyrðum við tæpa 300 kílómetra á flugvöllinn og til baka í þeirri von um að ég gæti flogið heim til Moldavíu, en í bæði skiptin var flugferðunum aflýst vegna öskunnar

sem ennþá haldi himininn. Dvöl mín í Danmörku varð því mun lengri en hún átti upphaflega að vera.

Hins vegar varð þetta bakslag að blessun. Þessir auka dagar saman voru óvænt gjöf. Við höfðum tíma til að taka því rólega, deila sögum hlæja og urðum nán á annan hátt en við höfðum áður verið. Eyjafjallajökull varð því þögult vitni að dýpkun sambands okkar. Við kölluðum það "eldfjallið okkar", tákn ófyrirsjáanleika styrks og ástarinnar sem óx út frá því.

Í gegnum árin höfum við eiginmaður minn talað um að heimsækja Ísland og sjá Eyjafjallajökul - eldfjallið sem hafði spilað svo mikilvægt hlutverk í sögu okkar. Þetta ár, 2024 var þýðingarmikið - Ég fékk danskan ríkisborgararétt og tækifæri til að heimsækja Ísland og fara á sendifulltrúafund sem haldinn var í Reykjavík. Þetta var fullkomið tækifæri til að fá loksins að sjá staðinn sem var orlagavaldur í lífi okkar.

Þegar við stóðum í þessu harðgerða landslagi rifjuðum við upp minningar af árinu 2010 með þakklæti. Ferðalagið sem byrjaði með skugga Eyjafjallajökuls virtist loksins fullkomnað.

Eldfjöll eru þekkt fyrir krafta þeirra, að dekkja himininn og trufla lífið. En fyrir okkur var Eyjafjallajökull uppspretta óvæntrar fegurðar og ástar. Takk Ísland fyrir að vera heimili svona margra tignarlegra eldfjalla og takk Eyjafjallajökull fyrir að vera hinn ósýnilegi þráður sem dró hjörtu okkar saman.

Ina Dorfman, SI Horsens, Dk



Soroptimistaklúbbur Grafarvogis 30 ára

Þann 3. september sl. átti klúbburinn okkar 30 ára afmæli og því aldeilis tilefni til að fagna með veglegum hætti. Farið var út fyrir borgarmörkin í stutta helgarferð. Systur og makar hittust við Hótel Selfoss á laugardagsmorgni 14. september. Þaðan var haldið áfram austur að Hellunum við Ægissíðu (Hellu) í ómetanlega ferð með leiðsögn um hellana. Við fengum frábæran leiðsögumann sem sagði okkur frá tilurð þeirra og varðveislu. Eftir göngutúrinn og skemmtilega fræðslu voru léttar veitingar í boði klúbbsins sem glöddu andann ekki síður en magann.

Þá var haldið aftur á Selfoss, þar sem við áttum boð í móttöku í flottu búðinni, Ozone þar sem boðið var uppá léttu drykki og auðvitað lauk ferðinni með nýjum flíkum í pokum.

Eftir móttökuna hjá Ozone hélt hópurinn aftur að Hótel Selfossi, þar sem við nutum hátíðarkvöldverðar og áttum þar mjög skemmtilega kvöldstund, enda mikið spjallað og hlegið. Auðvitað tókum við systur systrasönginn okkar og nutum aðdáunar maka sem tóku myndir í gríð og erg. Ekki var nú farið of snemma í háttinn enda flest sem gistu á hótelinu.

Þátttaka var sérlega góð og allir ánægðir, einungis þrjár systur náðu ekki með en þær koma næst.

Það verður að segjast, hve gaman var og er, að allir þeir makar sem komu í þessa ferð, náðu því að hafa smá tíma til að kynnast og ekki síst okkur systur.

Hópurinn allur, bæði þau sem héldu heim á leið seint um kvöldið og þau sem gistu á hótelinu og yfirgáfu staðinn á björtum sunnudagsmorgni, var glaður í sinni eftir góðan dag og frábært kvöld.

Við munum finna tækifæri til að gera eitthvað slíkt aftur því það er alltaf gaman saman.

Systrakveðja

f.h. Grafarvogsklúbbs

Skemmti- og afmælisnefndin

Ásta Benediktsdóttir og Ingibjörg Ragna Óladóttir



Jól í skókassa

Í október tók Soroptimistaklúbbur Grafarvogs þátt í „Jól í skókassa“ í þriðja skipti. Systur komu með gjafir í skókössum á októberfund og ein systirin kom með mörg pör af heimaprjónuðum vettlingum sem fóru með skókössunum til KFUM og KFUK sem sér um verkefnið á Íslandi.

„Jól í skókassa“ er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Þar sem jólagjöfunum

verður dreift ríkir mikil fátækt. Íslensku skókössunum verður t.d. dreift á munaðarleysingjaheimili, barnaspítala og til barna einstæðra mæðra. Þetta árið bárust 4021 kassi sem fóru með gámi til Úkraínu.

Sigríður Sveinsdóttir

Styrkveiting Reykjavíkurklúbbs til Ljóssins

Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur hefur á undanförunum tveimur árum haft það meginverkefni að styrkja Ljósið. Ágóði af Góðgerði, fjárfunarkvöldi klúbbsins, hefur runnið beint til þeirra og er styrkurinn sérstaklega hugsaður fyrir námskeið, fræðslu og stuðning fyrir konur sem greinst hafa með krabbamein oftast en einu sinni.

Ljósið er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þess. Þangað sækja notendur þjónustu án endurgjalds. Markmiðið er að veita sérhæfða endurhæfingu til að byggja upp líkamlegt og andlegt þrek. Einnig er það markmið að veita stuðning í veikindunum, bæði faglegan og eins jafningjastuðning við ýmsa iðju og hópastarf. Margir notendur hafa látið vel af þjónustu Ljóssins og því var ánægjulegt að veita þeim styrk frá góðgerðarstarfi okkar.

Erla Ragnarsdóttir

Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur





Gjafakvöld í Hollandi

Hver man ekki eftir tilhlökkuninni fyrir gjafakvöld þegar maður var ungur? Í Hollandi þar sem ég fæddist og ólst upp er gjafakvöldið þann 5. desember.

Þá á Sankti Nikulás afmæli. Honum finnst betra að gefa en að þiggja... Hann kom ævinlega til landsins í nóvember á gufuskipi frá Spáni (maður sat límdur við sjónvarpsskjá og fylgdist með þessum viðburði). Meðferðis var hvíti hesturinn hans og mikill fjöldi af þeldökkum aðstoðarmönnum í litskrúðugum fötum (sem hétu allir Zwarte Piet eða Svarti Pétur). Þeir gerðu alls kyns kúnstir og dreifðu sælgæti og mandarínnum til krakkanna en... ef maður hafði verið óþekkur þá gat maður lent í pokanum hjá þeim og verið sendur til Spánar (draumur í dós núna, en þá var ekkert verra hugsanlegt).

Um kvöldið máttum við setja skóinn okkar við arineldinn með gulrót í handa hestinum. Svo var sungið hástöfum fullt af St Nikulásar lögum. Síðan rann loksins upp STÓRA KVÖLDIÐ 5. desember! Við systurnar þrjár biðum spenntar í sunnudagskjólunum okkar og lakkskóm. Maður var barasta ekkert búinn

að brjóta af sér í langan tíma, svo hann hlaut að koma færandi hendi. „BANK, BANK, BANK“... hjartað tók kipp og við þorðum ekki að hreyfa okkur í drjúga stund. Þegar við höfðum safnað kjarki opnuðum við (les pabbi...) dymnar og viti menn, þar stóð stór poki fullur af fallegum pökkum.

En hvergi St. Nikulás eða Zwarte Piet. Skiljanlega því það var nóg að gera hjá þeim þetta kvöld. Pokinn var borinn inn og pakkarnir opnaðir. Ótrúlegt hvað karlinn vissi alltaf upp á hár hvað okkur langaði mest í og margar óskir voru uppfylltar.

En stundum vildi ég að systur mínar hefðu verið aðeins óþekkar svo að Zwarte Piet mundi taka þær með sér til Spánar, en það var ein af fáum óskum sem rættist aldrei...

Yvette Lau, Austurlandsklúbbi

Við óskum systur um land allt og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Takk fyrir yndislega samveru á Landsambandsfundi á Akureyri í vor.
Kærleikskveðjur, systur í Soroptimistaklúbbi Akureyrar



GLEÐILEG JÓL

Kæru Soroptimistasystur nær og fjær!

Við sendum ykkur öllum hugheilar hátíðarkveðjur með óskum um friðsæl og gleðileg jól.


Jafnframt óskum við þess að komandi ár verði ykkur gjöfult og hamingjuríkt.

Systur í Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella

Kæru Soroptimistasystur!

*Við Soroptimistar á Akranesi óskum ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla, friðar og blessunar á komandi ári.
Þökkum góðar samverustundir á liðnu starfsári og liðinni tíð.*

*Hátíðarkveðjur,
Akranesklúbburinn*



Við sendum ykkur hugheilar jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir ánægjulegar samverustundir á liðnum árum.

*Kærleikskveðjur,
Soroptimistaklúbburinn Við Húnaflóa*



Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur óskar öllum systur sínum gleðiríkrar og friðsællar jólahátíðar, farsældar á nýju ári og þakkar fyrir samvinnu og góðar stundir á árinu sem er að líða.



*Hugheilar jóla- og nýárskveðjur
til systra um allt land.
Hlökkum til að hitta ykkur á nýju ári.*

Soroptimistaklúbbur Austurlands



Jóla- og nýárskveðja frá Skagafjarðarklúbbi

Kærleiksríka jóla- og nýárskveðju
sendum við öllum systur.
Með þakklæti fyrir það sem
liðið er og með eftirvæntingu
þess sem koma skal.

Soroptimistaklúbbur
Skagafjarðar



*Kæru systur um land allt
Soroptimistaklúbbur Bakka og Selja
sendir ykkur bestu jóla og nýárskveðjur.
Þökkum samstarf og samveru á liðnum árum!*



*Kæru systur og fjölskyldur!
Okkar bestu óskir um gleðirka jólahátíð og farsæld á
nýju ári. Þökkum samstarfið á árinu.
Hátíðarkveðja frá systurum í Árbæjarklúbbi*



*Soroptimistaklúbbur Húsavíkur og nágrennis óskar öllum
systur sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum fyrir samveru og góðar stundir á árinu sem er að líða.*


*Systur í Soroptimistaklúbbi Keflavíkur
senda bestu jóla- og nýárskveðjur
til systra og fjölskyldna þeirra
með þökk fyrir ánægjulegar
samverustundir á árinu sem er að líða.*



*Kæru Soroptimistasystur um land allt.
Við óskum ykkur hamingju og friðar
um jólin og á árinu sem senn gengur í garð.
Þökkum allar góðu samverustundirnar
á árinu sem er að líða.*

*Jóla- og nýárskveðjur
Soroptimistaklúbbur Kópavogs*

*Kæru systur
Við óskum ykkur gleðilegrar jólahátíðar
og farsældar á nýju ári.
Megi ljós og friður lifa með okkur öllum.
Soroptimistaklúbbur Grafarvogs*



*Kæru systur
Sendum ykkur og fjölskyldum ykkar
hugheilar jóla og nýárskveðjur.
Megi nýtt ár færa ykkur öllum
gæfu og gleði.
Soroptimistaklúbbur
Mosfellssveitar*



Listaverk: Herdis Tómasdóttir

Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness sendir systur um land allt bestu jóla- og nýárskeðjur. Þökkum ánægjulega samveru og samstarf á liðnum árum.



Gleðilega hátíð

Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi árum.
Þökkum allar góðar systrastundir á liðnum árum.
Soroptimistaklúbbur Snæfellsness



Kæru systur um land allt!
Óskum ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum ánægjulegar samverustundir á liðandi ári og ennfremur stuðning ykkar við Sigurhæðir á liðnum árum.
Hlökkum til að hitta ykkur hressar á nýju ári.
Systur í Soroptimistaklúbbi Suðurlands



Jól 2024

Kæru systur,

Hjartanlegar óskir um
gleðileg jól
og farsæld
á komandi ári.

Þökkum ánægjulegar
samverustundir á liðnum
árum.

Soroptimistaklúbbur Hafnarfjarðar og Garðabæjar



Hugvekja á aðventu

Mig langar að deila með ykkur hluta af hugvekju sem ég flutti á aðventuhátíð í Blönduóskirkju fyrir 13 árum. Því miður á þetta enn þá erindi til okkar allra.

Í umfjöllun fjölmiðla um einelti og hræðilegar afleiðingar þess er starfsfólk skólastofnanna oft sakað um að sinna þessum málum ekki og þagga niður þau mál sem upp koma.

Ég veit að það er ekki alveg rétt, ég held að það líði ekki sá dagur í skólanum sem ekki sé er verið að kenna beint eða óbeint hvernig við komum fram hvert við annað og hefur nemendum mínum stundum fundist nóg um, „eigum við einu sinni enn að fara að tala um einelti“, er setning sem ég hef fengið frá nemendum mínum og henni svara ég bara á einn veg: Já, það má aldrei hætta að tala um það sem kennir okkur hversu miklu máli skiptir að koma vel fram við aðra og að sýna kærleika.

Við eigum rétt á því að vera eins og við erum; lítil, stór, feit, mjó, rauðhærð, dökkhærð eða ljóshærð, með lítið nef eða stórt, fötluð, ófötluð, lesblind, ofvirk, samkynhneigð, gömul, ung ... Ég gæti haldið svona áfram fram á kvöld, við eigum rétt á að vera eins og við erum svo framarlega sem við beitum aðra ekki ofbeldi á nokkurn hátt.

Það er hins vegar ekki nóg að skólinn sinni bara þessum málum, heimilin þurfa að vinna með og vera samstíga skólanum, það þarf í raun og veru heilt samfélag til að ala upp barn.

Öll börn koma okkur við, við eigum að skipta okkur af ef við sjáum eitthvað athugasvert í samskiptum barna sem verða á vegi okkar.

En það eru ekki bara börn sem þurfa leiðsögn í samskiptum. Erum við fullorðna fólkið góðar fyrirmyndir? Sýnum við samferðafólki okkar kærleika og umburðarlyndi og virðum það eins og það er, þó að það hafi ekki sömu skoðanir og við?

Hvað hlusta börnin okkar á þegar við missum okkur yfir stjórnáráðgjöf sem gera allt vitlaust að okkar mati, ökumönnum sem kunna ekki að keyra, afgreiðslufólki ef eitthvað er ekki til sem við viljum kaupa og svo framvegis.

Enginn er fullkominn og við erum ólík, það eru staðreyndir sem hafa alltaf legið fyrir, samt reynist okkur oft svo erfitt að sýna hvert öðru umburðarlyndi og kærleika.

Ég er ekki að segja að við eigum að láta allt yfir okkur ganga, en við getum komið gagnrýni okkar á framfæri á kærleiksríkan hátt og séð það jákvæða í lífinu. Því lífið er svo sannarlega fullt af gleði og kærleika ef við viljum það.

Ég rakst á litla sögu um daginn sem hefur ekki farið úr huga mínum, hún er um gamla kínverska konu sem átti tvo leirpotta sem hún hengdi sinn á hvorn endann á langri stöng sem hún bar á öxlum sínum. Á hverju degi sótti hún vatn langa leið í uppsprettu fjarri heimilinu.



Annar potturinn var sprunginn eftir endilöngu og var því aðeins hálf fullur þegar heim kom. Hinn potturinn var fullkominn og skilaði sér alltaf fullur af vatni eftir þessa löngu leið heim að húsinu.

Svona gekk þetta í tvö ár, daglega gekk gamla konan með pottana að uppsprettunni og daglega kom hún heim með aðeins einn og hálfan pott af vatni.

Auðvitað var fullkomni potturinn ánægður með sína frammistöðu en sprungni potturinn skammaðist sín og leið mjög illa þar sem frammistaða hans var aðeins til hálfvís við það sem hann var skapaður til að gera.

Eftir tveggja ára vinnu talaði hann til konunnar við uppsprettuna. „Ég skammast mín fyrir frammistöðu mína, vegna sprungunnar á hlið minni lekur helmingurinn af vatninu burt á leiðinni heim. Þú ættir að henda mér og fá þér nýjan pott.“

Gamla konan brosti. „Hefur þú tekið eftir að þín hlið við götuna er blómum skreytt á meðan engin blóm vaxa hinum megin götunnar? Það er vegna þess að ég hef alltaf vitað af þessum galla þínum að ég sáði fræjum á þinni hlið götunnar og á hverjum degi þegar við göngum heim vökvar þú blómin mín.“

Ég hef um árabil getað tínt þessi fallegu blóm og skreytt heimili mitt með þeim. Af því þú ert eins og þú ert þá hef ég fengið að njóta fegurðar blómanna.“

Við þurfum öll að líta í eigin barm og spyrja okkur sjálf er ég að gefa samferðafólki mínu kærleika umburðarlyndi og skilning? Er ég að leggja mitt af mörkum til að gera líf mitt og annarra betra?

Við þurfum að hjálpast að, því að saman getum við breytt miklu. Ég skora á okkur öll að hafa það að markmiði í lífinu að dreifa gleði og kærleika. Með þessu er ég ekki að segja að við séum yfirleitt ekki góð hvert við annað, heldur að það er alltaf hægt að bæta sig og gera betur.

Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi.

Lifum lífinu lifandi og njótum þess að vera við sjálf.

Ég óska ykkur öllum kærleiksríkra jóla.

Sigríður B. Aadnegard
Soroptimistaklúbbnum Við Húnaflóa





*Hafþís Karlsdóttir forseti
Evrópusambands Soroptimista*

Setningarræða Hafðisar Karlsdóttur á sendifulltrúafundi í Reykjavík 2024

Verið þið allar hjartanlega velkomnar - sendifulltrúar, forsetar, stjórnarmeðlimir, áheyrnarfulltrúar og virðulegu gestir. Það er sannarlega ánægjulegt að þið séuð allar saman komnar hér á Íslandi.

Sérstakar kveðjur fáíð þið sem hingað eruð komnar frá öðrum heimshluta samböndum, sumar hálfra leið í kringum hnöttinn, til að vera hér með okkur. Það er okkur sannur heiður að hér er forseti alþjóðasambandsins Siew Yong frá Malasíu, forseti Afríkusambandsins Jalila frá Marokkó og Alice Owuor frá Kenya.

Það var aðeins styttra ferðalagið fyrir Ruth Hailey forseta SIGBI, sem hingað er komin frá Englandi. Hér í fremstu röð framan við mig er Renata Trottmann-Probst fyrrum forseti Evrópusambandsins og nú verðandi forseti alþjóðasambandsins sem og Marie-Jeanne Bosia og Mariet Verhoef-Cohen, báðar fyrrum forsetar bæði Evrópu og alþjóðasambandsins og Deborah Thomas framkvæmdastjóri alþjóðasambandsins. Hjartanlega velkomnar allar.

Margar ykkar tóku þátt í vinnustofu gærdagsins sem og heimsókninni í Hellsisheiðarvirkjun þar sem þið fenguð innsýn í áhrif loftslagsbreytinga og hvernig Íslendingar fanga jarðhita til að hita upp og rafvæða heimili, fyrirtæki og iðnað. Ég vona sannarlega að þið hafið einnig notið ferðarinnar í Skíðaskálann í Hveradölum, matarins þar og skemmtunarinnar. Ég trúi

að norðurljósasýningin sem himnarnir buðu upp á hafi verið fullkominn endapunktur dagsins. Í það minnsta vona ég að upplifun ykkar hafi verið jafn ánægjuleg og mín.

En nú skulum við koma okkur að verki!

Þið hafið allar fengið fundargögn sem hafa verið undirbúin fyrir fundarhöld dagsins, þar á meðal skýrslur síðasta árs. Í dag munu nefndarkonur bæði fræða ykkur um starf undangengins árs og kynna framtíðarhugmyndir. Á síðasta sendifulltrúafundi kynntum við áætlanir næstu tveggja ára sem hafa verið grunnur að öllu starfi ársins. Hvert teymi bjó til skýrt tímasetta áætlun og deildi ábyrgð meðal meðlima þess. Þessi mikilvæga vinna fór fram í febrúar þegar stjórnarkonur hittust í fyrsta sinn allar augliti til auglitis. Til að kafa dýpra spurðum við: Af hverju? Hvað? Hvenær? Hver? Og hvernig?

Félagapróun leggur áherslu á hvernig við getum haldið stöðu okkar sem ákjósanlegur kostur og áreiðanleg samtök, þekkt fyrir að vera leiðandi í ákvarðanatöku og rödd kvenna og stúlkna um allan heim. Við ræktum sambandið við staka klúbba með reglulegum samskiptum og heimsóknum, með áherslu á hvernig við náum markmiðum okkar. Með því að bjóða upp á skólstyrk, leiðtoganámskeið og handleiðslu höldum við áfram að mennta, valdefla og skapa tækifæri fyrir ungar konur, ávallt trúar hugsjón okkar.



*Frá vinstri:
Dr. Nina Smart, sendifulltrúi
frá Rúmeníu og baráttukona
gegn umskurði kvenna,
Jalila Moufqa forseti afríska
heimshlutasambandsins,
Siew Yong forseti
alþjóðsambandsins, Ruth
Healey forseti bresk-íriska
heimshlutasambandsins,
Mariet Verhoef-Cohen fv.
forseti alþjóðsambandsins,
Renata Trottmann-
Probst verðandi forseti
alþjóðsambandsins
og Hafdís Karlsdóttir
forseti Evrópusambands
Soroptimista.*

Nálgun okkar - Action, Advocacy og Awareness - sem þýða má sem aðgerðir, boðun og vitund - styður vel við sýn okkar. Við fylgjum hugsjón okkar í gegnum verkefni klúbba, með styrk okkar sem er rótgróinn verkefnum, hvort heldur er hjá landssambandi eða klúbbi. Boðun er lykilatriði þegar við gætum hagsmuna kvenna fyrir tilstilli fulltrúa okkar hjá hinum ýmsu stofnunum og innan samfélagsins.

Við notum bæði eigin miðla og samfélagsmiðla til að dreifa vitund um starfsemi okkar, skrifum í staðarblöð og fréttabréf. Alltaf með áherslu á stöðu kvenna og stúlkna og til að beina athygli að verkefnum okkar.

Þrátt fyrir að mikill árangur hafi náðst í jafnréttisbaráttu má greina ákveðna andstöðu frá bæði stjórnmalasviðinu og samfélögum þar sem reynt er að vinna gegn jafnrétti. Sérstaklega verður þessa vart í andstöðu gegn Istanbul samningnum. Vegna þessa erum við Soroptimistar talsmenn þess að staðið sé við Istanbul samninginn í hvívetna. Samningurinn er mikilvægur lykill þess að halda yfirvöldum ábyrgum fyrir því að draga úr heimilis- og kynbundnu ofbeldi og greiða þannig leið kynjajafnréttis.

Þróun stjórnskipulags okkar beinist að því hvernig við getum best unnið saman að markmiðum okkar. Hlutverk stjórnarinnar er að styðja samtökin í átt að árangri. Skrifstofa okkar er miðstöð þekkingar og fagmennsku þar sem samfella er tryggð frá einu kjörtímabili til þess næsta.

Eins og fram kom á síðasta sendifulltrúafundi þá stefndi ég að því að mynda þrjá vinnuhópa. Tveir þeirra eru komnir á gott skrið - stefnumótun og auðkenni okkar. Regine van Tomme mun upplýsa okkur um vinnu við auðkenni okkar síðar í dag.

Um leið og stefnumótun fyrir árin 2026-2031 og 2032-2036 er lokið og hefur verið samþykkt með formlegum hætti munum við koma á fót vinnuhópi til að kanna verkswið og samsetningu stjórnar. Hópurinn mun ákveða hlutverk og þá hæfni sem nauðsynleg er til að fylgja stefnumótuninni eftir á skilvirkan máta, sem og hver er nauðsynlegur stuðningur frá skrifstofunni. Eins og alltaf byggjum við á hefðum okkar en höldum áfram að horfa fram á við og leitumst við að finna áhrifaríkustu leiðirnar til að skipuleggja og vinna saman.

Stórar ákvarðanir er varða lög samtakanna, fjármál og styrki verða teknar hér í dag, ákvarðanir sem gera okkur kleift að efla framtíðarsýn okkar og verkefni.

Ég vil ítreka einlægar þakkir mínar til starfsfólks skrifstofunnar í Genf fyrir ómælda liðsheild og vinnusemi þeirra. Fagmennska þeirra sér til þess að staðið er við skiladaga, ómetanlegur stuðningur við forseta og stjórnina alla. Ég er sannarlega þakklát fyrir þetta reynslumikla og tryggja teymi sem vann hörðum höndum að skipulagningu þessa sendifulltrúafundar.

Mig langar einnig að þakka sérstaklega Sigrúnu Sigurðardóttur í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur fyrir ómetanlegan stuðning við mig og skrifstofuna við undirbúning þessa fundar og einnig fyrir aðstoð hennar hér í dag.

Ég óska okkur öllum árangursríks og upplýsandi sendifulltrúafundar 2024, haldinn í sönnum anda Soroptimista!

*Hafdís Karlsdóttir
Forseti Evrópusambands Soroptimista*



Snæfellsnesi þegar líða fer að jólum 2024

Jólahugleiðingar

Mín bernskujól

Undirbúningur skipti miklu máli og byggði upp tilhlökkun: afi tálgaði jólasveinana og barnabörnin fengu að raða þeim hverjum á fætur öðrum, eftir því sem þeir tindust til byggða, á hilluna undir speglinum. Þeir skrönsuðu þó alltaf fram hjá okkar gluggum enda ekki orðin almenn venja að setja skó út í glugga. Mamma bjó til viðburðadagatal sem mikill spenningur var að opna á hverjum morgni. Jólaskrautið átti flest sinn fasta stað, ár eftir ár. Fjölskyldan hjálpaðist að við að baka ostakex og búa til rauðrófusalat. Stórfjölskyldan kom saman, skar út og steikti laufabrauð. Sumar kökurnar voru listaverk. Pabbi bjó til hyasintu- og greniskreytingar og mamma skrifaði jólabréf. Oft var fönðrað því margar jólagjafir voru heimagerðar. Heimsóknir til vina og ættingja til að koma þessu öllu saman út. Hvít hátíðarrúmföt á sængurnar eftir að þær höfðu verið viðraðar vel úti. Skata á Þorláksmessu og jólatréð skreytt. Mamma og pabbi að draga okkur systkinin á þotum niður í Hveragerði til ömmu og afa á aðfangadag. Í minningunni er alltaf allt á kafi í snjó um jólin. Allir fóru í sín fínustu föt og klukkurnar hringdu inn jólin. Bunki með bókasafnsbókum, mjólkurglas,


mandarínur, skál með smákökum og friður til að lesa. Svona eru minningarnar um mín bernskujól og fyrir það ber að þakka.

Jólamaturinn

Þegar ég var lítil borðuðum við alltaf hjá ömmu og afa á aðfangadagskvöld og maturinn var hefðbundinn; möndlugrautur, rjúpur, alls konar meðlæti og sítrónufrómas, heimagerður ís og kökur í eftirrétt. Afi veiddi rjúpunar og amma eldaði af sinni alkunnu snilld. Hangikjöt, kartöflur, hvít sósa, laufabrauð og grænar baunir á jóladag. Allt í föstum skorðum, hátíðlegt og skemmtilegt.

Hvað lifir áfram

Skrifum jólabréf (rafræn núna) og gerum greni- og hyasintuskreytingar. Lyktin er alveg nauðsynleg á jólinum. Við hjónin erum töluvert dekrud, erum boðin í skötu og fáum árlega sent frá foreldrum okkar og systkinum rauðrófusalat, ostakex, smákökur og skreytingar. Jólagjafir eru helst heimagerðar eða notaðar (t.d. bækur sem búið er að lesa). Við erum venjulega til skiptis með foreldrum mínum og tengdaforeldrum á aðfangadagskvöld. Stórfjölskyldan sker og steikir saman laufabrauð og við setjum hvít hátíðarrúmföt á



vel viðraðar sængur fyrir aðfangadagskvöld. Reynum að vera mikið með fjölskyldunni en líka að hafa tíma til að lesa og spila. Sumt breytist auðvitað og við búum til nýjar hefðir saman, t.d. reynum við að fara í selafjöru á Þorláksmessu, veit eiginlega ekki af hverju, en eftir vel heppnaða ferð var ákveðið að þetta væri árleg hefð. Milli jóla og nýárs er mikið félagslíf í sveitinni okkar, kvenfélagið er t.d. með jólaball og ungmennafélagið með brennu. Við reynum bara að njóta undirbúningsins og jólanna. Á gamlársmorgun stökkvum við niður af stólum inn í nýja árið, og óskum okkur. Eins er mjög mikilvægt að hlaupa í kring um húsið, bæði á gamlársmorgun og þrettándanum og kalla: „komi þeir sem koma vilja, veri þeir sem vera vilja, fari þeir sem fara vilja, mér og mínum að meinalausu“. Horfi þá sérstaklega á Staðastaðakirkju (næsti bær), Húsahól þar sem huldufólkið býr á okkar jörð og Snæfellsjökul þar sem Bárður Snæfellsás og hugsanlega fleiri halda til. Höfum rætt að sleppa einhverjum hefðum en tímum því ekki.

Uppskriftin

Þar sem engin ein rétt jólauppskrift er til getur verið gagnlegt að staldra við og hugsa um hvað skiptir mann máli. Fyrir flesta eru jólin tilhlökkunarefni. En hverju langar okkur að miðla og hvernig minningar viljum við búa til? Hvaða lykt, bragð, hljóð og áferð hafa jólin okkar?

Á jólum eru sumir uppteknari en annars af von, kærleika og því góða í mannum. Sumir leita að jólunum í fjárhúsum, aðrir í verslunum. Væntanlega verðum við öll að finna þau í okkur sjálfum og búa þá til frið fyrir það.

Það er alltaf mikilvægt að heyra góðar fréttir og finna að við erum „saman í liði“. Það er (þrátt fyrir allt) margt að þróast í rétta átt og við eigum þekkingu og mannauð til að takast á við margvísleg viðfangsefni, þó að þau séu oft stór og erfið. Það er líka hraustleikamerki

að í samfélagi manna séu mismunandi skoðanir á leiðum, mikilvægt að hafa farveg fyrir samtal og gagnrýna hugsun. Ef við erum svo heppin að eiga í samskiptum við annað fólk, sérstaklega börn, á aðventu og jólum, ættum við að gefa okkur tíma fyrir jákvæðar umræður.

Það er margt að breytast. Það hriktir í gömlum stöðum, sum viðmið hafa algerlega breyst. Við búum nú í fjölmenningsamfélagi mitt í tæknibyltingu. Innviðir eru að mörgu leyti góðir og við getum tekið á móti nýjum íbúum og skapað fjölbreytt atvinnutækifæri. Hér á sunnanverðu Snæfellsnesi er bara dreifbýli og við finnum vel hvernig samfélagið verður eins gott og við gerum það. Það er margt sem vert er að þakka fyrir eins og fjölbreytt félagslíf og náttúrufegurð sem dregur fólk til sín. Það er full ástæða til að trú á landið og fólkið sem hér býr. Vera þakklát fyrir lýðræðið, orkuna, tungumálið, sögurnar og margt fleira.

Hér heima verður desember vonandi fullur af ljósum og samveru: Við ætlum að njóta aðventunnar að mestu á Snæfellsnesi, hér er margt í boði.

Gefum tíma, sem við erum flest sammála um að sé eitt það mikilvægasta sem við eigum. Búum til góðar minningar.

Með bestu óskum um gleðileg jól, góð og farsæl komandi ár.


PS: Ef þetta hljómar eins og við séum með allt á hreinu og búin að öllu... skal í fullri hreinskilni viðurkennast að ég er alltaf stressuð í aðdraganda jólanna, vinnan tekur eðlilega mikinn tíma og jólaþrífing þá t.d. látin sitja á hakanum. Það er ekki hægt að gera allt og það er væntanlega enginn alveg „meðetta“. Svo sjálfsmildi er gott orð til að hafa í huga í desember.

Ragnhildur Sigurðardóttir

Soroptimistaklúbbi Snæfellsness



MINNING



Ólöf Þórsdóttir

11. mars 1939 - 24. ágúst 2024

Kær systir okkar í Soroptimistaklúbbi Akureyrar, Ólöf Þórsdóttir bóndi á Bakka í Öxnadal, lést laugardaginn 24. ágúst síðastliðinn. Hún var fædd 11. mars 1939 á Bakka og bjó þar nánast alla sína ævi.

Ólöf var stofnfélagi í Soroptimistaklúbbi Akureyrar, 13. febrúar 1982, og var gerð að heiðursfélagi árið 2021. Hún gegndi mikilvægum störfum fyrir klúbbinn okkar, sótti fundi hvað best af systurum, en hafði þó um lengstan veg að fara, og var manna fyrst til að skrá sig í ferðir klúbbsins innanlands sem utan. Í klúbbstarfinu nutum við fórnfýsi Ólafar sem ávallt var til þjónustu reiðubúin.

Þegar klúbburinn fór að huga að landi til gróðursetningar fyrir mörgum árum bauð Ólöf okkur hluta af landi sínu endurgjaldslaust sem hún girti af með aðstoð sonar síns og okkar klúbbsystra og maka. Árlega fórum við og gróðursettum plöntur í landinu og er þar nú myndarlegur skógur með fjölbreyttum trjágróðri.

Ólöf er ein þeirra kvenna sem vann sín verk í hljóði en skildi eftir sig spor sem seint gleymast.

Minning frá snjóflóðinu í Neskaupsstað 1974

Ég er fædd í Neskaupsstað og var alin upp í Norðfjarðarsveit, skammt þar frá.

Ég fór í Menntaskólann á Akureyri haustið 1974, þar sem enginn framhaldsskóli var á Austurlandi á þeim tíma. Þá var ég 17 ára gömul.

Að morgni 20. desember 1974 vaknaði ég á Heimavist MA á Akureyri, spennt og svolítið kvíðin, því framundan var heimferð til Norðfjarðar með strandferðaskipi. Það var geysilega mikill snjór á Norður- og Austurlandi þannig að þetta var eina leiðin til að komast heim í jólafrí. Við vorum þó nokkuð mörg að austan í MA og flest öll á heimleið með skipinu. Dagurinn einkenndist af bið og eftirvæntingu, því skipið átti ekki að leggja af stað fyrr en um kvöldið.

Upp úr hádegi bárust fréttir af snjóflóði í Neskaupsstað, tvö stór flóð og fjölda manns saknað. Við reyndum að hringja en ekkert samband náðist. Við fórum því um borð í skipið án þess að vita nokkuð hvernig ástandið væri heima.

Ferðin austur á Norðfjörð tók tvo sólarhringa. Alla leiðina sátum við límd við útvarpstækið í messanum, fréttirnar voru allar slæmar, nema ein. Vinur minn, sem hafði verið að vinna í frystihúsinu og lokast inni í gryfju, fannst á lífi eftir tæpan sólarhring. Hann var nafngreindur í fréttinni og þá rann það upp fyrir mér: Að allir hinir sem búið var að finna látna og hinir sem aldrei fundust, væru líklega kunningjar mínir, vinir eða jafnvel fjölskyldumeðlimir.

Skipið lá úti á Norðfirði yfir nóttina, ekki var talið öruggt að sigla inn fjörðinn í myrkri, því þar var brak um allt. Að morgni Þorláksmessu lagði skipið svo að bryggju.

Bróðir minn kom að sækja mig. Auðvitað spurði ég hverjir væru dánir, en hann hafði fengið ströng fyrirmæli frá mömmu um að segja ekkert. Hún vildi segja mér það sjálf, sem var eins gott, því mér veitti ekki af hennar stuðningi við að meðtaka það.

Ég átti heima inni í sveit og við þurftum að keyra í gegnum flóðin til að komast þangað og helming leiðarinnar fórum við svo á snjótleða. Þeirri ferð gleymi ég aldrei, snjógöngin voru há og í veggjunum glitti í alls konar brak og rústir.

Það var dásamlegt að koma heim, þó kalt væri í húsinu, búið að vera rafmagnslaust í rúma tvo sólarhringa.

Það var léttir að foreldrar mínir, systkinin mín sjö, mágkonur mínar og ekki síst litlu bræðradætur mínar, sem fæddust þetta ár, voru óhult, en ólýsanleg sorg að heyra um alla hina, sem eins og mig grunaði var allt fólk sem ég þekkti. Vinnufélagar, feður skólasystkina minna, góð vinkona foreldra minna og systir vinkonu minnar. Og svo auðvitað allir hinir líka.

Jólin heima þetta árið voru sérstök, einkenndust af sorg, samhug, nægjusemi og umhyggju. Það gerði ekkert til þó eitthvað vantaði upp á fjölbreytnina í smákökusortunum eða fjölda og stærð gjafanna.



Þó 50 ár séu liðin man ég þessa atburði vel og finn enn til sorgarinnar sem heltók alla í samfélaginu á þessum tíma. Í fyrra þegar aftur féll snjóflóð á bæinn, rifjuðust allar þessar tilfinningar upp. Sem betur fer lét enginn lífið þá og samheldnin og samhugurinn voru aflið sem skipti máli.

Myndin sem fylgir með er tekin í minningarreit Síldarvinnslunnar um þá sem látið hafa lífið við störf hjá fyrirtækinu.

*Þórunn Hálfðanardóttir
Soroptimistaklúbbi Austurlands*



Soroptimistaferðir

tengdar Sendifultrúafundi 2024

Soroptimistaklúbbur Hafnarfjarðar og Garðabæjar tók að sér að skipuleggja og bjóða upp á ferðir fyrir og eftir Sendifultrúafund Evrópusambandsins sem haldinn var hér á landi í október sl.

Tildrög þess að við vorum beðnar um að bjóða upp á ferðir eru þau að þarna erum við á heimavelli. Frá árinu 1989 hefur klúbburinn staðið fyrir alls fjórtán ferðavikum fyrir Soroptimista, fjölskyldur þeirra og vini.

Þetta var eina fjáröflun klúbbsins í nær þrjátíu ár. Við skipulögðum ferðirnar, hugsuðum um gestina á allan hátt sem best við máttum og gerðum nær allt sjálfar, s.s. að undirbúa gististað, elda, baka og leiðsegja. Það eina sem við gerðum aldrei sjálfar var að keyra rútu. Það var einstök upplifun og skemmtun fyrir okkur að kynna landið fyrir erlendum Soroptimistum. Ferðavikan okkar dó í „Covidí“, svo að nú var tækifæri til að rifja upp gamla takta, þótt ferðirnar núna væru með öðru sniði og styttri. Boðið var upp á þrjár ferðir.

Dagsferð var farin á Reykjanesið 3. október. Erlendir þátttakendur voru sautján talsins frá átta löndum auk okkar fjögurra klúbbsystra og eins eiginmanns. Ferðin

hófst frá Hótel Hilton Nordica um kl. 9:30. Þaðan keyrðum við að Bessastöðum þar sem við virtum fyrir okkur Bessastaði og nutum útsýnisins þaðan. Við Bessastaði voru framkvæmdir í gangi þ.a. kirkjan var lokuð. Frá Bessastöðum héldum við áfram ferð okkar og stoppuðum næst við Garðakirkju. Við skoðuðum kirkjuna, en þar stóð yfir undirbúningur fyrir jarðarför. Gestum okkar þótti nokkuð merkilegt að flaggað væri í



hálfu stöng við útfarir, virtust ekki þekkja þann sið. Fararstjórinn okkar þennan dag, Lovísa Christiansen klúbbsystir, vissi allt um endurbyggingu kirkjunnar á síðustu öld, þar sem hún hafði fengið að vera þátttakandi í endurreisnarstarfinu. Haldið var áfram í átt að Reykjanesi en fyrsta stopp þar var við fiskitrönur, þar sem fiskhausar með beinagarði héngu til þerris á trönunum og biðu útflutnings til

Afríku. Ilmurinn þótti ekkert sérstaklega góður. Næsti stoppistaður var við Breiðdal þar sem geimfarar höfðu æft sig fyrir fyrstu ferð manna til tunglsins. Þegar hér var komið sögu var farið að hvesa töluvert þannig að við norðurenda Kleifarvatns var hífandi rok þegar við stoppuðum þar. Þegar við komum á háhitasvæðið í Seltúni við Krýsuvík hafði lægt nokkuð og gangan



Þar um svæðið var alveg frábær. Allir nutu góðu lyktarinnar og útivistarinnar í mjög sérstöku umhverfi. Um kl. 13 vorum við komin til Krýsuvíkurheimilisins, þar sem boðið var upp á hádegismat, súpu, salat og hjónabandssælu. Við fengum kynningu á starfseminni og skoðuðum húsakynninn. Þess má geta að Lovísa var framkvæmdastjóri heimilisins í mörg ár. Nú er í smíðum nýr kvennagangur sem heitir Lovísugangur. Klúbburinn okkar styrkti heimilið mjög mikið í mörg ár. Eftir þessa heimsókn var haldið til baka til Reykjavíkur og vorum við komin á hótél rétt fyrir kl. 16.

Gönguferð um miðborg Reykjavíkur var 4. október. Upphafsstaður göngunnar var við Hallgrímskirkju um kl. 10:30. Þátttakendur voru sextán frá tíu löndum auk okkar þriggja klúbbsystra, en fararstjóri ferðarinnar var Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt og klúbbsystir. Það var nístingskuldi en fallett veður, var því vel þegið af nokkrum þátttakendum að fá hlý teppi, húfur og vettlinga lánaða. Frá Hallgrímskirkju var gengið niður hluta



Skólavörðustígs og síðan til suðurs í gamla hverfið þar sem gengin var m.a. Þórsgata, Lokastígur og Spítalastígur á leið okkar að Menntaskólanum í Reykjavík en þaðan lá leið um Laufásveg framhjá gamla Miðbæjarskólanum í Mæðragarðinn og enduðum við gönguna í Ráðhúsi Reykjavíkur. Fengum við mikinn fróðleik um sögu svæðisins, bygginga, húsa og ábúendur sumra þeirra.

Þriggja daga ferð um Suðurland var svo farin 7. - 9. október. Erlendir þátttakendur voru fimmtán frá tíu löndum auk okkar fjögurra klúbbsystra. Lagt var af stað í ferðina frá Hótel Hilton Nordica að morgni mánudags. Keyrt var sem leið liggur austur á Þingvöll, sem var fyrsti áningarstaður ferðarinnar. Þar var kalt í veðri, en svakalega fallett. Sigríður Inga Sigurðardóttir fararstjóri og klúbbsystir sagði frá Þingvöllum, sögu og náttúru á leið okkar um svæðið, megingönguleiðin var niður Almannagjá. Eftir stoppið á Þingvöllum var haldið áfram austur með viðkomu við austanvert Þingvallavatn, myndastopp, og keyrt svo sem leið lá austur fyrir Laugarvatn að Friðheimum

þar sem snæddur var hádegisverður í gróðurhúsi, tómatsúpa, heimabakað brauð og kaffi og súkkulaði. Við fengum fræðslu um staðinn en Friðheimar rækta mest alls konar tómatu en einnig kryddjurtir. Ýmsar tómatafurðir eru einnig framleiddar. Eftir hádegið héldum við að Geysissvæðinu þar sem við sáum Strokk

gjósa þrisvar, tignarlega. Þá var haldið að Gullfossi. Við höfðum góðan tíma þar til að njóta nærveru fossins og taka myndir, versla og fá kaffi og kleinur úti í fallega veðrinu. Við Gullfoss hittum við fleiri Soroptimista sem voru á ferð með Suðurlandssystrum. Næsti áfangastaður var sumarþústaður Höllu Bjargar Baldursdóttur klúbbsystur sem er skammt frá Flúðum. Við stoppuðum í smá stund við Brúarhlöð á leiðinni og þar var tekin hópmynd í láréttri sól. Halla Björg og



hennar maður tóku vel á móti hópnum og buðu upp á léttar veitingar með íslensku snarli. Formaður klúbbsins okkar, Jóhanna Gústavsdóttir, notaði tækifærið þarna til að bjóða gesti velkomna í þessa fjáröflunarferð og sagði þeim í nokkrum orðum frá klúbbum. Eftir ánægjulega heimsókn lögðum við af stað til náttstaðar, Loa's Nest, sem er rétt vestan við Hellu. Þar voru tvær systur okkar mættar til að undirbúa kvöldmatinn, ofnbökuð bleikjuflök með rauðum, nýjum, kartöflum með smjöri, tómötum og gúrku og nýbakaðar pönnukökur í eftirrétt. Allir fóru alsælir í háttinn eftir góðan mat og norður-ljósasýningu.

Eftir morgunmat á þriðjudaginn 8. október var ferð haldið áfram austur á bóginn með viðkomu á Hvolsvelli á leið okkar að Seljalandsfossi og Gljúfrabúa. Fossarnir voru flottir og gengu nokkrar konur á bak við Seljalandsfoss og var það mikil upplifun þótt göngustígurinn þar væri bæði háll og drullugur á köflum. Aðrar létu nægja að labba að fossunum og virða þá fyrir sér og finna kraftinn. Eftir fossastoppið var stutt í hádegisverð í Gamla Fjósínu, þar sem boðið var upp á eldfjallasúpu með heimabökuðu brauði. Þegar allir voru orðnir saddir var haldið af stað að Sólheimajökli. Við gengum að skriðjöklinum og þegar við komum til baka á bílastæðið fengum við kaffi og kökur og kleinur, sem var kærkomið eftir labbið í kuldunum. Næst var Reynisfjara heimsótt. Í þetta skipti var ölduhæð ekki mikil þ.a. engin fór sér að voða en það þurfti samt að hafa augun opin og fylgjast með. Frá Reynisfjöru héldum við til Víkur í Mýrdal þar sem stoppað var til að versla og dingla sér áður en við héldum áfram til Hótel Kötlu, næsta náttstað, rétt austan við þorpið. Eftir að allir höfðu fengið lykla og skannað herbergin slógum við upp útipartýi með hvítvíni, sem okkur hafði áskotnast við upphaf ferðar. Á þessum tímapunkti urðu fararstjóranskipti hjá okkur. Lovísa tók við af Sigríði Ingu sem fór í bæinn eftir kvöldmat ásamt þremur þátttakenda sem áttu heimflug um nóttina.

Miðvikudaginn 9. október eftir morgunmat var lagt af stað til baka í átt að höfuðborginni. Fyrsta verkefni dagsins var að stoppa við Skógafoss. Við komuna þangað var enn skuggi á fossinum, en eftir göngu upp tröppurnar meðfram fossinum náði sólin að skína í kverkina við fossinn og regnbogar mynduðust svo fallega í fossúðanum. Næsti áfangastaður var Þorvaldseyri, þar sem við skoðuðum safn frá eldgosinu í Eyjafjallajökli árið 2010. Við sáum myndband frá góstiminum og áhrifin sem gosið hafði eftir gosið. Bærinn var undirlagður af ösku og hafði gosið mikil áhrif á líf ábúenda þar sem aska þakti landið og breytti öllu fyrir þá um tíma. Eftir þessa heimsókn var haldið til Selfoss, þar sem við heimsóttum Sigurhæðir, verkefni Soroptimistaklúbbs Suðurlands. Þar voru mættar þrjár klúbbsystur okkar tilbúnar með hádegisverð. Suðurlandssystur tóku á móti okkur og kynnti Hildur Jónsdóttir, guðmóðir þessa flotta verkefnis, Sigurhæðir, starfsemina þar og húsakynni.

Það var okkur klúbbsystur í Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbsi sönn ánægja að fá að bjóða upp á þessar ferðir. Við hittum Soroptimista af ýmsu þjóðerni sem ferðast höfðu mislangt til að komast til landsins. Þátttakendur fengu þann tíma sem þeir vildu til að skoða, spá í og spyrja, ekkert stress í gangi. Það var svo skemmtilegt hve oft þurfti að taka hópmyndir að ósk gestanna, þ.a. þær eru til frá mörgum áningarstöðum. Það voru engin vandræði, enginn slasaðist eða veiktist. Allir virtust njóta þrátt fyrir kulda í fallegu veðri, en síst var veðrið í Reykjanessferðinni en annars fínt. Fjáröflunarnefnd Soroptimistaklúbbs Hafnarfjarðar og Garðabæjar hélt utan um þetta verkefni. Ég undirrituð sá um skipulag og umsjón ferðanna með þátttöku og aðstoð klúbbsystra og mannsins míns, sem tók að sér akstur bæði skemmri og lengri ferðir.

Margrét Helgadóttir

Soroptimistaklúbbsi Hafnarfjarðar og Garðabæjar



Fréttir af sendifulltrúafundi í Reykjavík

Árlegur fundur sendifulltrúa Evrópusambandsins (SIE) var haldinn 5. október sl., í fyrsta skipti á Íslandi. Fundinn sóttu 170 konur, þar af um 30 íslenskar konur en 42 sendifulltrúar sátu fundinn og nýttu þannig atkvæðisrétt sinna landssambanda eða stakra klúbba (Single Clubs) þar sem landssambönd eru ekki fyrir hendi. Þannig þurfti 28 atkvæði til að samþykka fyrirbyggjandi tillögur en 2/3 hlutar þurfa að vera þeim samþykkar.

Dagskrá sendifulltrúafunda og fundarsköp eru í föstum skorðum en fundurinn sjálfur var einstaklega vel skipulagður og vel staðið að öllum undirbúningi. Vorum við íslensku sendifulltrúarnir stoltar af okkar konum, Hafdísí Karlsdóttur forseta SIE og Sigrúnu Sigurðardóttur Reykjavíkursystur, sem kom bæði að undirbúningi fundarins og skipulagði viðburði í tengslum við fundinn af einstakri fagmennsku ásamt fleiri öflugum systurum. Halla Tómasdóttir forseti Íslands ávarpaði fundinn og hvatti samtök okkar til dáða.

Þó nokkuð af breytingartillögum og nýjum tillögum um lagagreinar og reglugerðabreytingar lágu fyrir fundinum, en tillögur geta bæði borist frá landssamböndum sem sendifulltrúar leggja fram, og frá stjórn SIE. Þetta árið var heimilt að leggja fram breytingartillögur bæði við lög SIE (SIE Constitution) og reglugerð (SIE By-Laws) auk laga og reglugerða stakra klúbba og landssambanda.

Á fundinum var nýtt rafrænt kosningakerfi í farsíma-smáforriti notað í fyrsta skipti, þannig að niðurstöður lágu fyrir jafnóðum sem flýtti fyrir afgreiðslu mála. Allir sendifulltrúar sem tóku þátt í fundinum höfðu haft tækifæri til að undirbúa sig vel fyrir fundinn, bæði á reglulegum fundum sendifulltrúa en einnig á fundum sem forseti SIE boðaði til. Það myndaðist þó óneitanlega nokkur spennan meðal sendifulltrúa meðan á kosningu stóð því tillögur voru keyrðar heldur hratt áfram og

netsambandið á fundarstað hefði getað verið öflugra til að allar gengju sáttar frá afgreiðslunni. Samþykktar voru 17 lagabreytingar við lög SIE en fjórar felldar og 13 reglugerðabreytingar voru samþykktar en fjórar felldar.

Auk laga- og reglugerðabreytinga voru fjárhagsskýrslur árána 2022-2023, með viðbót vegna árána 2021-2023, samþykktar auk þess að samþykkt var að veita liðlega 41 þúsund evrum í styrki úr verkefnasjóði (Action Fund) til sex verkefna um Membership Development og Leadership Academy.

Samþykktar laga- og reglugerðabreytingar verða sendar forsetum landssambanda til úrvinnslu hjá samböndunum, í síðasta lagi í janúar 2025.

Iris Burkhalter Treichler var kosin gjaldkeri SIE fyrir árin 2026-2027.

Á fundinum voru veitt verðlaun fyrir bestu verkefni sem unnin hafa verið á vegum Soroptimista. En til að geta fengið verðlaun þarf verkefnið að vera gott, góð PFR skýrsla og góð umsókn til „Best practice awards“. Alls bárust 106 umsóknir frá 21 landi. Átta verkefni fengu verðlaun og að auki voru tvö til viðbótar verðlaunuð. Í ár fóru allra bestu verðlaunin til Tyrklands, vegna verkefnis sem snýr að því að endurbyggja eftir jarðskjálftana 2023. Var verðlaunaafhendingin hátíðleg og hvetjandi á margan hátt. Má lesa meira um öll verðlaunaverkefni á vef SIE: <https://www.soroptimisteurope.org/brochure-bpa-awards-2024-available/>

Næsti sendifulltrúafundur verður í Kraká í október 2025.

*Kristín Hermannsdóttir og
Sigrún Valgarðsdóttir sendifulltrúar 2024*



Fréttapistill af Suðurlandi

Kæru systur um land allt.

Héðan af Suðurlandi er margt að fréttu. Í ár, nánar tiltekið 10. október, voru liðin 15 ár frá stofnun Soroptimistaklúbbs Suðurlands. Af því tilefni gerðu systur sér glaðan dag og fóru ásamt mökum í Vínstofu Friðheima og Café Mika í Bláskógabyggð, borðuðu og skáluðu til lífsins gleðinnar. Þórný Björk Jakobsdóttir rakti söguna af stofnun klúbbsins í máli og myndum en guðmæður voru/eru þær Guðrún Erla Björgvinsdóttir Bakka- og Seljaklúbbi og Hildur Hálfdanardóttir (látin) Kópavogsklúbbi.

Í tengslum við sendifulltrúafundinn og 50 ára afmæli Soroptimistasambands Íslands í október sl. var ansi gestkvæmt í Sigurhæðum. Margir erlendir gestir höfðu áhuga á að kynna sér starf Sigurhæða og tókum við á móti um 30 erlendum konum sem sýndu einlægan áhuga á starfi okkar.

Nú eru alþingiskosningar fram undan og hafa fram-
bjóðendur stjórn mála flokkanna leitað eftir samtali um



starf Sigurhæða. Hildur Jónsdóttir systir okkar og verðandi forseti hefur haft orð fyrir okkur og rakið aðdragandann að þessu verkefni sem og starfi Soroptimista á lands- og heimsvísu. Gesti hefur sett hljóða þegar þeir heyra hversu margar konur hafa komið í Sigurhæðir frá því í mars 2021 en þær eru 342 þegar þetta er skrifað. Einum frambjóðandanum varð á orði hvers vegna ekki væri búið að lýsa yfir neyðarástandi á Suðurlandi. Í haust fór fram rannsókn á viðhorfi þjónustuega, samstarfsaðila og starfsfólks á þjónustu Sigurhæða og þegar á heildina er litið eru um 9 af hverjum 10 þjónustuegum sem segjast geta mælt með henni.

Roðagyllum heiminn er framundan með göngu í miðbæinn á Selfossi 25. nóvember - appelsínugulir fánar verða dregnir að húni við stofnanir á Suðurlandi og blómasalan til styrktar Sigurhæðum er í fullum gangi.

Í dag eru 32 soroptimistar í Suðurlandsklúbbi. Á næsta fundi 9. desember munu tvær systur ganga í klúbbinn og fleiri jafnvel væntanlegar.

Við Soroptimistasystur í Suðurlandsklúbbi erum þakklátar og stoltar af okkar starfi og hlökkum til komandi árs með það að leiðarljósi - að vinna að bættri stöðu kvenna - veita þjónustu í heimabyggð og fjölga klúbbfélögum.

*Með góðum kveðjum
Ingibjörg Stefánsdóttir formaður*



